



Borgarráð

Erindisbréf þverfagslegs starfshóps um húsnæði fyrir alla

Hjálögð drög að erindisbréfi þverfagslegs starfshóps um húsnæði fyrir alla er lagt fram til kynningar.

Greinargerð:

Starfshópurinn mun vinna með þeim aðilum sem standa að uppbyggingu húsnæðis án hagnaðarsjónarmiða þvert á svið og stofnanir borgarinnar. Tilgangurinn er að auka skilvirkni milli ólíkra aðila, auka skilning þeirra á milli og þekkingu á mismunandi hlutverkum og ábyrgðarsviðum innan borgarinnar. Þá er enn fremur verkefni hópsins að kortleggja hvernig megi koma í veg fyrir tímasóun eða tvíverknað og stytta þannig þann tíma sem líður frá hugmyndum til framkvæmda.

Hópurinn samanstendur af stjórnendum hjá Reykjavíkurborg og utanaðkomandi hagsmunaaðilum. Hópurinn hefur sótt aðstoð og námskeið frá Harvard háskóla kostað af Bloomberg Philanthropies. Hópurinn fékk þjálfun í þverfaglegri teymisvinnu þar sem mismunandi hagsmunir takast á í þeim tilgangi að auka skilning og þekkingu þátttakenda og ná sem bestum árangri.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Erindisbréf þverfaglegs starfhóps um húsnæði fyrir alla, drög.

ERINDISBRÉF

Þverfaglegur starfshópur um húsnæði fyrir alla

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Í kjölfar laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 hefur óhagnaðardrifnum leigufélögum verið gert kleift að reisa íbúðir á hagkvæman hátt með stofnframlögum frá ríki og sveitarfélögum. Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir umfangsmikilli uppbyggingu slíkra íbúða en nú þegar eru hundruðir íbúða í uppbyggingu með stofnframlögum frá ríki og borg og eru reistar af félögum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Með stofnun þessa starfshóps er skerpt á hlutverkum aðila innan hans með þverfaglegri nálgun í þeim tilgangi að hraða uppbyggingu stofnframlagaíbúða, einkum íbúða fyrir skilgreindra forgangshópa.

Hlutverk:

Hópurinn skal vinna með þeim aðilum sem standa að uppbyggingu húsnæðis án hagnaðarsjónarmiða þvert á svið og stofnanir borgarinnar. Leiðarljós hópsins er að einfalda það kerfi sem snýr að uppbyggingu húsnæðis fyrir skilgreinda forgangshópa. Tilgangurinn er að auka skilvirkni milli ólíkra aðila, auka skilning þeirra á milli og þekkingu á mismunandi hlutverkum og ábyrgðasviðum innan borgarinnar. Þá er ennfremur verkefni hópsins að kortleggja hvernig megi koma í veg fyrir tímasóun eða tvíverknað og stytta þannig þann tíma sem líður frá hugmynd til framkvæmda.

Helstu verkefni og forgangshópar:

Hópurinn hefur nú þegar sett fram hugmyndir að forgangsröðun til skemmri og lengri tíma um næstu skref í húsnæðismálum sem byggðar eru á húsnæðisstefnu Reykjavíkur og ákvörðunum borgarráðs. Hópurinn hefur í þeim tilgangi skilgreint þrjá hópa sem þurfa að vera í forgangi í húsnæðismálum:

Heimilislaust fólk:

Þeir einstaklingar þar sem hefðbundnar lausnir duga ekki eða henta ekki vegna geðrænna vandamála og/eða fíknivanda.

Félagslegt húsnæði: Um 80% af þeim hópi sem búa í félagslegu húsnæði eru án atvinnu og/eða á fjárhagsaðstoð.

Tekjulágir:

Tekjulægsti hópurinn, einstæðir foreldrar og námsmenn.

Hópurinn fylgi eftir einstökum verkefnum frá hugmynd til framkvæmda en á sama tíma verða skilgreindir og samþykktir verkferlar á þeim starfseiningum sem við á, tölfraði um húsnæðismál safnað saman á einn stað og hönnunarleiðbeiningar um hagkvæmt húsnæði samþykktar.

Hópurinn samanstendur af: Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs (formaður) Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri á velferðarsviði. Björn Axelsson skipulagsfulltrúi Reykjavíkur. Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri Félagsbústaða.

Björn Traustason framkvæmdastjóri íbúðafélagsins Bjarg. Guðrún Björnsdóttir framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta. Óli Jón Hertervig skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs.

Hópurinn sem samanstendur af stjórnendum hjá Reykjavíkurborg og utanaðkomandi hagsmunaaðilum hefur fengið tækifæri til að læra bestu viðurkenndu aðferðir við þverfaglega samvinnu í flóknum úrlausnarefnum. Til þess sótti hópurinn aðstoð og námskeið frá Harvard háskóla kostað af *Bloomberg Philanthropies*. Hópurinn fékk þjálfun í þverfaglegri teymisvinnu þar sem mismunandi hagsmunir takast á í þeim tilgangi að auka skilning og þekkingu þátttakenda og ná sem bestum árangri.

Starfsmaður hópsins: Verkefnisstjóri húsnæðismála.

Til ráðgjafar og samstarfs: Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil: Hópurinn starfi til tveggja ára til að byrja með og skili minnisblaði til ábyrgðarmanns með reglubundnum hætti.